

Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

28.4.2023

Efni: Ósk um heimild til endurnýjunar 220 kV háspennulínu, Kolviðarhólslínu 1

Landsnet fyrirhugar endurnýjun 220 kV háspennulínu innan sveitarfélagsmarka Mosfellsbæjar. Um er að ræða 17 km kafla á milli tengivirkjana á Kolviðarhóli og Geithálsi. Til stendur að skipta um 34 möstur af 45 og setja upp stálröramöstur í stað núverandi grindarmastra, ásamt því að skipta um 66 undirstöður. Einnig verður skipt um leiðara og settur sverari leiðari með meiri flutningsgetu. Að auki verða aðkomuvegir og vegslóðar að mastraplönnum styrktir á alls 2.430 km kafla, þarf af eru 1.032 m innan vatnsverndarsvæða.

Áætlað er að verkið verði boðið út árið 2023 og að framkvæmdir hefjist í júní sama ár. Reikna má með að framkvæmdir taki minna en eitt ár og lokafrágangur er áætlaður í október 2023.

Með erindi þessu er sótt um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Meðfylgjandi er lýsing mannvirkja og nánari upplýsingar um framkvæmdina ásamt yfirlitskortum, teikningum og öðrum upplýsingum í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Virðingarfyllt, f.h. Landsnets hf.

LANDSNET


Daníel Scheving Hallgrímsson
Verkefnastjóri

Meðfylgjandi gögn:

Greinargerð með framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar 220 kV Kolviðarhólslínu 1. Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis ásamt fylgigögnum.